

Mál nr. 360/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging sjómanna.

Nafn vátryggingartaka (X)

Gildissvið vátryggingar. Sönnunargögn.

1. Málskot móttakið 7. október 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Athugasemdir V, dags. 7. nóvember 2025, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Í málskoti er á því byggt að M sem hafi verið á sjó á skipum A og B í eigu X hafi verið að ganga upp landganginn á A hinn 30. janúar 2025 er hann hafi fengið járn í höfuðið, sem hafi leitt til líkamstjóns. Vill M meina að vegna þessa eigi hann bótarétt úr slysátryggingu sjómanna sem X er með hjá V. Kemur fram í málskoti að slysið hafi verið tilkynnt til X og Sjúkrátrygginga Íslands (SÍ). X sem telur að ekki hafi verið um vinnuslys að ræða hafi hins vegna hafnað að undirrita tjónstilkynningu til SÍ. M byggir kröfu sína um bætur úr slysátryggingu sjómanna á því að þegar slysið varð hafi hann verið að sækja hluti í sinni eigu um borð í A og hafi síðan ætlað að fara um borð í B. Máli sínu til frekari rökstuðnings bendir M á 1. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Í athugasemdum V, dags. 7. nóvember 2025, er bótarétti M hafnað með þeim rökum að M hafi ekki sannað að um vinnuslys hafi verið að ræða. Eru frekari rök færð fyrir þeirri niðurstöðu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort M eigi bótarétt úr slysátryggingu sjómanna vegna slyss 30. janúar 2025. Í grein 2.2 í þeim skilmálum sem gilda um slysátryggingu sjómanna hjá V kemur fram að vátryggðir séu þeir sem ráðnir eru í skiprúm hjá vátryggingartaka á skipi því, sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun, og slysið hefur borið að höndum er hlutaðeigandi var staddur á skipinu eða vann í beinum tengslum við rekstur þess.

Eins og að framan greinir byggir V á því að ósannað sé að umrætt slys hafi verið vinnuslys sem falli undir gildissvið tryggingarinnar. Í því sambandi skal tekið fram að það er M að sanna framangreind bótaskilyrði í grein 2.2. séu uppfyllt, m.a. skilyrðin um að M hafi þegar slysið varð verið ráðinn í skiprúm og slasast annað hvort um borð í skipi eða að hann hafi á því tímamarki verið í vinnu í beinum tengslum við rekstur þess skips. Nefndin telur að sú sönnun hafi ekki tekist enda hefur M ekki lagt fram nein þau gögn sem sýnt gætu fram á að framangreind skilyrði séu uppfyllt. Í þessu sambandi bendir nefndin m.a. einnig á að í athugasemdum frá V er vísað í svar frá X þar sem m.a. eftirfarandi kemur fram: „Aftur á móti tel ég alveg víst að [M] var ekki í vinnu hjá okkur þegar hann er að ganga um borð í [A]. Hann hefur greinilega skilið eitthvað eftir af sínu dóti í [A] þar sem hann var að leysa þar af sem háseti í nokkurn tíma. Hafði síðast verið í veiðiferð á skipinu sem stóð yfir tímabilið 17.-23. janúar. Það er því alveg á hreinu að hann var ekki á leið úr eða í vinnu um borð í [A] þann 30. janúar heldur að sækja eigur sínar. Hann fór síðan veiðiferð á [B] sem hófst þann 30. janúar og stóð til 26. febrúar. Það var brottför á [B] um kvöldið kl. 23:30 þann dag.”

Það er því niðurstaða nefndarinnar að M eigi ekki bótarétt úr slysátryggingu sjómanna hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu sjómanna X hjá V.

Reykjavík, 9. desember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir